

REGLUGERÐ

um breytingu á reglum nr. 193 6. maí 1977 um radióleyfi áhugamanna.

1. gr.

13. gr. orðist svo:

Póstur og sími getur, um skemmri eða legri tíma, veitt undanþágu frá framangreindum ákvæðum til erlendra ríkisborgara, enda sé tryggt, að fyrir liggi fullnægjandi réttindi íslenskra ríkisborgara í viðkomandi landi að þessu leyti.

I. Slík undanþága er háð eftirfarandi skilyrðum:

- a) Umsókn skal vera skrifleg og send til Pósts og síma eigi síðar en 3 mánuðum áður en umsækjandi hyggst taka til starfa. Afgreiðslutími slíkra umsókna er allt að tveir mánuðir og skal á þeim tíma m. a. leitað álits IRA.
- b) Umsækjandi skal hafa gildandi amatörleyfi frá heimalandi sínu samsvarandi A-, B-, C- eða T-leyfi og skal það, eða greinilegt afrit þess, fylgja umsókninni ásamt greinargóðum upplýsingum um tækjabúnað þann, er hann hyggst nota hérlandis.
- c) Starfsleyfi umsækjanda takmarkast af ákvæðum þessara reglna, en skal þó eigi vera viðtækara en hann hefur heimild fyrir í heimalandi sínu samkvæmt leyfisbréfi og ákvæðum þarlanda reglna.
- d) Leyfishafi skal nota kallmerki það, er honum hefur verið úthlutað í heimalandi sínu, að viðbættum bókstöfunum TF, aðskildum frá kallmerkinu með brotastriki t. d. WA3KA/TF, LG5HR/TF o. s. frv.
- e) Að öðru leyti en tekið er fram hér, er leyfishafi skuldbundinn öllum öðrum ákvæðum þessara reglna og ber að haga sér samkvæmt því.

II. Erlundur ríkisborgari, getur sótt um að gangast undir íslenskt radióáhugamannapróf enda hafi hann haft fasta búsetu hér á landi í heilt ár. Viðkomandi hlítir þá þessari reglugerð eins og íslenskur ríkisborgari. Leyfið gildir aðeins á Íslandi.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt lögum nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 70 9. maí 1942, um stjórn, rekstur og eftirlit fjarskiptamála, staðfestast hér með til að öðlast þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 412 11. október 1979.

Samgönguráðuneytið, 8. nóvember, 1979.

Magnús H. Magnússon.

Brynjólfur Ingólfsson.

16. nóvember 1979.

Nr. 478.

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um stjórn bæjarmála Vestmannaeyjabæjar nr. 249. 31. maí 1978.

1. gr.

33. gr. orðist svo:

Bæjarstjóra er heimilt í samráði við bæjarráð að fela öðrum að gegna störfum sínum um skemmri tíma nema bæjarstjórn ákveði annað.

B 116